

# Leiðarvísir um gerð hæfniviðmiða<sup>1</sup>

- Byrjaðu hvert hæfniviðmið á athafnamiðaðri sögn.
- Notaðu aðeins eina sögn fyrir hvert hæfniviðmið.
- Forðastu að nota sagnir sem eru óskýrar og erfitt er að meta, eins og t.d. vita, skilja, þekkja, læra, vera meðvitaður um.
- Forðastu flóknar setningar, ef það er nauðsynlegt notaðu fleiri en eina setningu til að tryggja skýrleika.
- Tryggðu að hæfniviðmið námskeiðsins séu í samræmi við lokaviðmið námsleiðarinnar.
- Tryggðu að hæfniviðmið námskeiðsins séu í samræmi við námskeiðslýsingu námskeiðsins.
- Hæfniviðmiðun verða að vera skýr og mælanleg.
- Hugaðu að því hvort það sé raunhæft fyrir nemendur að nám hæfniviðmiðum námskeiðsins miða við umfang þess, tími og fjölda eininga.
- Hafðu í huga þegar þú skrifar hæfniviðmiðin hvernig þú ætlar að meta árangur nemenda.
- Biddu samstarfsfólk og nemendur um að lesa yfir hæfniviðmiðin áður en þú birtir þau.
- Hafðu öll stigin í flokkunarkerfi Bloom í huga þegar þú skrifar hæfniviðmiðin (minni, skilningur, beiting, greining, nýmyndun og mat)

---

<sup>1</sup> Byggt á, Kennedy, D. (2006) Writing and using learning outcomes: a practical guide, Cork: University College Cork. Sótt af <https://cora.ucc.ie/handle/10468/1613>